

Kæri félagi í fvb

Næsta föstudag er aðalfundur félagsins og vonast ég til að sjá þig þar.

Kosning til stjórnar er eitt af því sem fyrir aðalfundi liggur, en kosið er um formann og varaformann árlega til eins árs og þrjá meðstjórnendur til tveggja ára.

Fyrir liggur að tveir starfandi stjórnarmenn gefa kost á sér til stjórnarstarfa áfram. Valgerður Gísladóttir varaformaður gefur kost á sér til að starfa sem meðstjórnandi til eins árs. Undirrituð, Hallgerður Hauksdóttir, gef einnig kost á mér til að starfa sem meðstjórnandi til tveggja ára. Ég hef undanfarið ár gengt stöðu formanns félagsins og hefur það verið lifandi og lærdómsríkt hlutverk. Vegna anna get ég því miður ekki gefið kost á mér sem formaður áfram en vill gjarnan starfa áfram innan stjórnar þrátt fyrir það.

Verksvið formanns fvb er vítt og krefjandi og eins og nafnið gefur til kynna mun viðameira en annarra stjórnarmanna. Til þess að gegna stöðu formanns þarf maður að hafa góðan tíma. Jafnframt get ég staðfest að fyrir liggur tillaga um lagabreytingar sem miða að því að formaður (og aðrir stjórnarmenn) sem taka að sér aukin verkefni umfram stjórnarsetu fái greitt fyrir það.

Lagabreytingatillögur verða kynntar á heimasíðu félagsins strax eftir hádegi á mánuðag, svo enn getur þú sest niður og sent tillögur að lagabreytingum ef þú vilt koma slíku á framfæri.

Samkvæmt þessu liggur fyrir að það vantar félaga til að bjóða sig fram í stöðu formanns, varafomanns og meðstjórnanda til tveggja ára til að manna stjórnina.

Ég vek athygli þína á því að það er einnig hægt að bjóða sig fram á sjálfum fundinum, en innsend framboð verða eftir sem áður kynnt á heimasíðu félagsins strax eftir hádegi á mánuðag.

Ég þakka fyrir lærdómsríkt og skemmtilegt ár sem formaður fvb.

Virðingarfyllst,

Hallgerður Hauksdóttir  
Formaður fvb.